

# HAFNARFJÖRÐUR

## AÐALSKIPULAG HAFNARFJARÐAR

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Breytingin felst í því að hluta Víðistaðasvæðis verði breytt í íbúðarsvæði. Svæðið fellur nú undir OP2, opið svæði, og HVc1, hverfisvernd, er á hluta svæðisins. Þegar raskað land milli Hjallabrautar og hraunjaðars, þar sem nú liggur hjóla- og göngustígur, verði nýtt undir íbúðabyggð. Hraunjaðar Víðistaðatúns verður áfram ósnertur enda fer svæði íbúðabyggðar ekki yfir hann.

Breytingar á landnýtingarflokkum samfara þessari breytingu verða því í greinagerð Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025:  
Tafla 2; Yfirlit yfir íbúðarsvæði í Hafnarfirði, bls. 38:  
ÍB1; Norðurbær, breytist úr 61ha í 62ha

Tafla 15; Yfirlit yfir opin svæði, bls. 58:  
OP2; Víðistaðasvæði, breytist úr 18ha í 17ha


Tafla 25; Yfirlit yfir hverfisverndir, bls. 83.  
leiðrétting:

HVc1; skráð í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 15,2ha á að vera 16,2  
HVc1; Víðistaðasvæði, breytist úr 16,2ha í 15,7ha

Við uppbyggingu svæðisins skal farið með gát. Leitast verði við að skapa heild þar sem græn svæði verða á milli húsanna og tryggt að áfram verði opið svæði út mót Víðistaðatúni. Gæta þarf að hraunjaðrinum og að öll uppbygging miði að verndun hans, enda verði hann enn hverfisverndaður. Hæð húsa verði 1-2 hæðir. Gert er ráð fyrir 10 misstórum íbúðum á svæðinu er stuðlar að blandaðri byggð.


Meta þarf áhrif uppbyggingar á svæðið í heild sinni á deiliskipulagsstigi. Áhrif fjölgunar á innviði hverfisins og huga að umferðaraukningu á svæðinu. Allar breytingar skulu kynntar almenningi með viðeigandi hætti í samræmi við skipulagslög 123/2010 á aðal- og deiliskipulagsstigi. Samkvæmt Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er stefna um að núverandi byggð skuli þétt, þar sem það á við, með endurskipulagningu vannýtttra svæða. Þessi breyting fellur því vel að markmiðum Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025.

### FYRIR



Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025  
Staðfest af skipulagsstofnun 10.07. 2014

### EFTIR



Breytt landnotkun — Mörk breytinga 1:15.000

### Skýringar:

M	Miðbær, miðsvæði
VP	Verslunar- og þjónustusvæði
S	Samfélagsþjónusta
I	Iðnaðarsvæði
AT	Athafnasvæði
IB	Íbúðarsvæði
H	Hafnarsvæði
F	Svæði fyrir frístundabyggð
K	Kirkjugarðar og grafreitir
E	Efnistöku- og efnislosunarsvæði
IP	Íþróttasvæði
ÖB	Öbyggð svæði
AF	Afþreyingar- og ferðamannasvæði
	Skipulagi frestað
SL	Skógræktar og landgræðslusvæði
OP	Opin svæði
V	Vötn, ár og sjór
FS	Friðlýst svæði
ÖN	Önnur náttúruverndarsvæði
HV	Hverfisvernd (hvít yfirstríkun)
R	Friðlýstar fominjar
VB	Vatnsbólasmvæði
VG	Vatnsvernd Grannsvæði (vatnsvernd II)
VF	Vatnsvernd Fjarsvæði (vatnsvernd III)
VA	Bráðabirgða þynningarsvæði álvers sett af Hollustuvernd ríkisins 1997


### SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann: 16. júlí 2020

  
Bæjarstjórnin í Hafnarfirði

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

þann: 17. sept 2020

  
Skipulagsstofnun

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í

B-deild stjórnartíðinda þann: \_\_\_\_\_ 2020

## BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR 2013-2025 SVÆÐI: NORÐURBÆR OG VÍÐISTAÐASVÆÐI



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ  
HAFNARFJARÐAR  
16.12.2019/Lagfært 24.03.2020 skv. aths.  
Skipulagsstofnunnar dags. 27.02.2020  
GUNNÞÓRA GUÐMUNDSDÓTTIR